

REGLUR
um upplýsinga- og aðvörunarskyldu lánveitanda vegna fasteignalána til neytenda sem tengjast erlendum gjaldmiðlum.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til lánveitanda fasteignalána til neytenda sem tengjast erlendum gjaldmiðlum, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 118/2016, um fasteignalán til neytenda. Þær fela í sér nánari útfærslu á upplýsinga- og aðvörunarskyldu lánveitanda skv. 1. og 2. mgr. 33. gr. sömu laga.

II. KAFLI

Upplýsinga- og aðvörunarskylda lánveitanda.

2. gr.

Skráð gengi í samningi um fasteignalán sem tengjast erlendum gjaldmiðlum.

Lánveitandi skal skrá í lánessamningi gengi gjaldmiðils lánsins gagnvart þeim gjaldmiðli sem neytandi ætlar til endurgreiðslu lánsins. Miða skal við gengi eins og það var á umsóknardegi lánsins eða á þeim degi þegar samningsgögn eru útbúin, ef gengi þess dags er hagfelldara neytanda.

Við upplýsingagjöf og aðvörun skal horft til breytinga á gengi gjaldmiðils láns gagnvart gengi gjaldmiðils þess aðildarríkis þar sem neytandi er búsettur við lántöku. Sé um sama gjaldmiðil að ræða skal horft til breytinga á gengi gjaldmiðils láns gagnvart gengi gjaldmiðils sem tekjur neytanda eða eignir sem hann ætlar til endurgreiðslu lánsins eru í.

3. gr.

Árleg upplýsingagjöf.

Lánveitandi skal a.m.k. einu sinni á ári upplýsa neytanda um gengisbreytingar fasteignaláns sem tengist erlendum gjaldmiðlum, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 118/2016.

Árleg upplýsingagjöf skv. 1. mgr. skal að lágmarki vera einu sinni á 12 mánaða tímabili. Lánveitanda er heimilt að samræma það tímamark og miða við sömu dagsetningu árlega fyrir öll fasteignalán sem tengjast erlendum gjaldmiðlum.

4. gr.

Aðvörun.

Lánveitandi skal senda neytanda aðvörun innan 24 klukkustunda þegar eftirstöðvar láns eða reglulegar endurgreiðslur breytast um 20% eða meira miðað við gengi í samningi um fasteignalán, skv. 2. gr., sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar

Verði aðvörunarskylda lánveitanda skv. 1. mgr. virk oftast en einu sinni milli gjalddaga þarf lánveitandi ekki að senda neytanda frekari aðvaranir fram að næsta gjalddaga. Þetta á þó ekki við breytist gengi, milli gjalddaga, um 20% eða meira frá síðustu aðvörun.

5. gr.

Formskilyrði árlegra upplýsinga og aðvörunar

Upplýsingar og aðvörun skulu send neytanda á pappír eða öðrum varanlegum miðli og skulu þar koma fram, eftir því sem við á:

1. Breyting á heildarfjárhæð sem neytandi skal greiða og áætluðu fjárhæð næstu reglulegu endurgreiðslu.
2. Upplýsingar um rétt neytanda til að breyta eftirstöðvum lánsins í fasteignalán sem tengist ekki erlendum gjaldmiðlum.
3. Upplýsingar um tryggingar eða aðrar varnir, sbr. 2. og 3. tölul. 21. gr. laga nr. 118/2016, sem neytandi hefur lagt fram.

Lánveitandi skal tilgreina í lánsamningi tímasetningu árlegrar upplýsingagjafar og tilhögun árlegrar upplýsingagjafar og aðvörunar.

III. KAFLI

Eftirlit, málsmeðferð, viðurlög og gildistaka.

6. gr.

Eftirlit Neytendastofu.

Neytendastofa fer með eftirlit með reglum þessum og beitir viðurlögum þegar það á við, sbr. 6. gr.

7. gr.

Málsmeðferð og viðurlög.

Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga og ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 52. gr. laga nr. 118/2016, um fasteignalána til neytenda.

Um viðurlög, ábyrgð á greiðslu sektar o.fl. fer nánar samkvæmt XV. kafla laga nr. 118/2016.

8. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 5. mgr. 33. gr. laga nr. 118/2016, um fasteignalán til neytenda, og öðlast þegar gildi.

Neytendastofu, xx. nóvember 2020.

Þórunn A. Árnadóttir

Matthildur Sveinsdóttir.

DRÖG